



**Ávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
flutt af sjónvarpskjá við upphaf
SKREKKS
hæfileikakeppni grunnskóla í Reykjavík
21. nóvember 2006**

Gleðilega hátíð og hamingjuóskir til skólanna sem keppa til úrslita hér í kvöld og reyndar hamingjuóskir líka til allra – nærri þrjátíu skóla – sem hafa tekið þátt í þessari skemmtilegu keppni.

Skrekkur sýnir hæfileika ykkar og getu, sköpunargleði, frumleika, aga og þjálfun og þar er líka ávísun á hvað þið getið gert í framtíðinni.

Einu sinni voru Björk, Sigur Rósarstrákarnir, Baltasar og margir fleiri, sem nú eru fræg, einmitt að stíga sín fyrstu skref þegar þau voru á ykkar aldri í skóla með því að dansa, syngja, leika og gera fjölmargt annað.

Og hver veit nema við sjáum hér í kvöld upphafið að glæsilegum ferli. Það er einmitt það sem er svo spennandi við Skrekk að enginn veit hvað gerist.

Góða skemmtun!